Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1868-1873

Aðfnr. 2224, örk 7

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Hjermed undanfelli eg ekki, að gefa yður Herra land og bæjarfogeti til þóknanlegrar vitundar, að eg nú eptir að hafa samið bæjarreikninga fyrir árið 1867, atla að skila af höndum mjer starfa þeim er eg um þrjú næstliðin ár hefi haft, sem gjaldkeri

Virðingarfyllst
J Steffensen

Til

Herra land og bæjarfogeta A Thorsteensen
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð sendi eg yður herra, sem vara formanni bæarfulltrúanna frá 1867 og þannig þ. h. formanni þeirra sem eptir vorn og hans utkosning, þangað til afgengin er kosning á nýum formanni fyrir árið 1858. – Fundarbók bæarfulltrúanna, hina yngstu, og með henni eptirfylgjandi skjöl

a Bæarstjórnar-reglug. innbundin

b. Áætlan bæarstjórnarinnar 1867

c Niðrjöfnun bæargjaldanna s. á

d. Áætlanir fátækranefndarinnar og Barnaskólanefndarinnar fyrir 1868.

e. Aðsóknadagbók er nær til síðustu ársloka.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mér virðist hvorki þörf á né heldr
hlýða að afhenda fleiri bæarstjórn-
arskjöl að svo komnu né fyrri
heldren fastr formaðr fyrir 1868
er kjörinn, er réttilega og því varðn-
-aðarlaust getr tekið við öllum skjöl-
-unum úr minni hendi.

Reykjavík, 17. Janr. 1868

J. Guðmundsson

formaðr bæarfulltrúanna til
ársloka 1867

Til Varaformanns bæarfulltrúanna
Herra factors H. A. Sivertsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og Yður er kunnugt var á kjörfundi hinn 14. þ. m. kosinn sem bæjarfulltrúi til næstu 6 ára yfirdómari Jón Pjetursson í stað málaflutningsmanns Jóns Guðmundssonar og hefir hann tekið á móti kosningunni og afhent fyrir mér skriflegt heit samkv. reglugjörð 27. nov. 1846 og loks hefir stiptamtið tilkynnt mér að það ekkert hafi við þessa kosningu að athuga.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík h. 20. januar 1868.

A Thorsteinson

Til

bæjarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermed leyfi jeg mjer undirskrifaður, að biðja yður herra Bæjarfógeti cancellíráð A. Thorsteinsen, að tilkynna hinni heiðruðu fátækrastjórn Reykjavíkurbæjar, að jeg uppfrá þessu, segji mig lausan við að gegna fátækra störfum þeim, sem jeg hefi á hendi haft í undan farið á fjórða ár. —

Reykjavík 13da Januar 1868

G Zoëga

Velborni
Herra Bæjarfógeti cancellíráð A. Thorsteinsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

O. FINSEN
REYKJAVIK

Þareð jeg nú í þrjú undanfarin ár hefi verið meðlimur af fátækranefnd Reykjavíkurbæjar, síðan að jeg í janúar m. 1865 af bæjarstjórninni var kosinn til að ganga í hana úr flokki bæjarfulltrúa, þá leyfi jeg mjer hjermeð að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, að jeg samkvæmt tilskipun af 27. Nov 1846 18. grein ekki lengur álít mjer skillt að vera í áðurgreindri nefnd og verð jeg því að biðja yður að gefa þetta hlutaðeigendum tilkynna.

Reykjavík 11 januar 1868

O Finsen

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

O. FINSEN
REYKJAVIK

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtið hefir í brjefi dags. 31. f. m. skrifað mér á þessa leið:

„Stiptamtið hefir með þóknanlegu brjefi dags. 17. þ. m. meðtekið álit bæjarfulltrúanna, dags. 10. f. m. um beiðni, sem hefir verið send hingað frá Guðmundi Þórðarsyni og 12 öðrum tómthúsmönnum, er búa í vestari parti bæjarins, þar sem þeir biðja um, að stiptamtið annaðhvort vilji neita að samþykkja útvísun á hinni svo nefndu „Gróf" til byggingarstaðar, er bæjarstjórnin ætlazt til að fari fram, ellegar í gagnstæðu tilfelli bera spursmálið hérum undir dómsmálastjórnina, nema ef það skyldi þykja eiga betur við að leggja málið undir úrlausn dómstólanna. Út af þessum skal stiptamtið hérmeð þjenustusamlega gefa herra kansellíráði eptirfylgjandi til vitundar Yður til leiðbeiningar og til þess, að þér kunngjörið það bæjarfulltrúunum og hinum fyrrnefndu beiðendum.

Eins og bæði álit bæjarfulltrúanna og það sem hingaðtil hefir gjörzt í þessu máli ber með sér, er spursmálið um að samþykkja þessa konar útvísun af byggingarstaði á hinum umspurða grunni eða neita henni, enn þá eigi komið undir úrlausn stiptamtsins á meðan útvísun byggingarnefndarinnar er

enn þá eigi komin að eiga sér stað, en það einungis
er búið að skrifast á um málið ámilli hennar og
bæjarstjórnarinnar öðru megin og einstaka beiðendanna
(kaupmannanna S. Jacobsen & Co) hinu megin, og það enn
þá er vafasamt, hvort beiðendurnir muni vera fúsir
á að undirgangast þá skilmála, sem yfirvöld bæjarins
undir þessum bréfaskriptum hafa sett fyrir, að yfir-
höfuð geti orðið spursmál um hina umgetnu út-
vísun. Stiptamtið getur því ekki nú sem stendur af-
gert hið umrædda spursmál með úrskurði sínum,
en jeg skal þó þegar nú taka fram, að úrskurður dóms-
málastjórnarinnar 15. febrúar 1866 viðvíkjandi þeirri útvísun
af hinni umgetnu „Gróf", sem þá var beðið um,
hefir falið stiptamtinu á hendur að stuðla til, að
fyrirkomulag það, er bæjarstjórnin þá vék á, komist
á sem fyrst. Þareð nú þetta fyrirkomulag einmitt
gekk út á að útvega annan hentugan lendingar- og upp-
sátursstað handa sjómönnunum í vesturenda bæjarins
og þar eptir að láta „Grófina", sem sjómenn bæjarins
og aðrir hingaðtil hafa verið látnir hafa til slíkra af-
nota, af hendi til byggingarstaða — mun sú afhending,
sem bæjarstjórnin nú hugsar um, að því, sem sér virðist, ekki
stríða ámóti, en þvertámóti vera fullkomlega sam-
kvæm fyrnefndum úrskurði stjórnarinnar, ef eins
og bæjarstjórnin talar um í áliti sínu, farið verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að búa til nýjan lendingar- og uppsátursstað á Hlíðarhúsalóð.

Þegar þessum skilmála verður fullnægt, verðr það samkvæmt hinum nefnda úrskurði 15. febr. 1866 að álítast sjálfsagt, að yfirvöldin og stjórnin ekki muni verða því neitt til fyrirstöðu, að bæjarstjórnin fari með „Grófina" á þann hátt, sem frá sjónarmiði bæjarstjórnarinnar muni álítast hentugastur. Það sézt reyndar af hinni fyrirliggjandi beiðni frá 13. sjómönnum hér í bænum að þeir hafa annað álit, en meiri hluti bæjarstjórnarinnar um það, hvernig hentugast verði farið með „Grófina", en, einr og þetta er skiljanlegt, þegar litið er á það, að beiðendum ekki einr og bæjarstjórninni er lagt á herðar að sjá um gagnsmuni alls bæjarfélagsins, en að þeir einungis hafa það fyrir augum, sem þeir álíta sitt gagn — þannig hefir það enga afgerandi þýðingu, þar sem beiðendurnir hvorki eru búnir að sanna, né munu geta sannað, að það sem bæjarstjórnin ætlar sér að gera, stríði á móti myndugleika hennar, eða muni hafa þann missi fyrir þá sjálfa í för með sér, sem þeir líklega muna óttast. Það flýtur sumsé af hlutarins eðli — og hvorki þau lög, er gilda hér, né sanngirni leiða til annars — bæði að bæjarstjórnin á hægt með að hagnýta þær eignir, sem bærinn á, á þann hátt, sem bæjarfélaginu er hagkvæmastur og að hinir einstöku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarfélagar hvorki hafa nokkurn rétt til að spyrna á móti
slíkri hagnýtingu, né hafa getað aflað sér nokkurs sér-
legs réttar yfir þeirri eign bæjarfélagsins, sem það hefir
fengið öllum til afnota, þó að slík afnot hafi átt sér
stað lengur, en elztu menn muna.

Stiptamtið getur því ekki fundið neina ástæðu til að hyll-
ast tilmælum beiðendanna um að leggja spursmálið um
afnot „Grófarinnar“ undir úrlausn dómstólanna, eins og það
samkvæmt úrskurði dómsmálastjórnarinnar 15. febrúar
1866 ekki álítur sig hafa rétt til, þegar sömuleiðis útvísun af
„Grófinni“ til byggingarstaða verður lögð undir samþykki
þess, að fresta málinu þangað til nýr úrskurður getur
fengist frá dómsmálastjórninni, sem þegar í hinum ný-
nefnda úrskurði hefir sett þann skilmála, sem verður
að fullnægja, þegar hið opinbera á að samþykkja
afhendingu bæjarstjórnarinnar af „Grófinni“. Á hinn bóg-
inn mun stiptamtið hafa gætur á að hinum nefnda
skilmála, að sjómönnunum í vesturparti bæjarins verði
útvísað öðrum hentugum lendingar- og uppsátursstað,
áður en hætt verður við að nota „Grófina“ þartil, verði
fullnægt.“ Hilmar Finsen

Þetta vil eg eigi láta hjáliða hérmeð að tilkynna yður.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 19. febrúar 1868.

AThorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmed leyfi eg mér ad tilkynna hinni heidrudu bæjarstjórn ad Gudrún Torfadóttir á Ofanleiti hér í bænum hefir gefid mér til vitundar ad hún eigi fyrst um sinn ætli ad nota lausamennsku-leyfi þad er hún leysti sídastlidid vor, heldur ætli ad gefa sig í vist.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 19. febr. 1868.

A Thorsteinson

Til

bæjarstjórnarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þareð ekkjan Guðbjörg Jónsdóttir nú til veru í Arabæ hefur fengið seðil uppá Þríkirdals aukaútsvar til Reykjavíkurbæjar, þá leyfi jeg mjer hjermeð, að geta þess, að hún síðan hingað flutti til bæjarins er og hefur verið smitt hjú með börnunum sínum, jafnvel þó jeg vökum hús-þreingsla, hafi orðið að koma henni fyrir til húsa annarstaðar. Manntal Herra Dómkirkjuprestsins hjá mjer sannar þetta.

Reykjavík 28 August 1868.

E M Waage

Til
Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

Ofannefnd Guðbjörg hefir alltaf verið skrifuð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjá E. Waage, en hann hefir fengið henni
hús annarstaðar.

Ó. Pálsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Bæjarstjórnarinnar

í

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirfylgjandi mönnum hefir síðan í fardögum 1867 verið veitt húsmennskuleyfi:

Einari Einarssyni frá Hlöðdabrekku X
Kristjáni Gottfred Hansen frá Hleiðarbg X
Stephani Egilssyni frá Hrauntúni X
Jóni Þorkelssyni frá (Skógarkoti) X
Jóni Jónssyni frá Njarðvík 1 ár X
Grími Guðnasyni á Seli X
Jóni Jónssyni á Litlaseli X
Kristni Ólafssyni á Bakka 1 ár X
Guðna Loptssyni frá Bakkaselli 1 ár X
Jóni Magnússyni í Engey 1 ár X

Lausamennskuleyfi er veitt

Einari Einarssyni frá Nýjabæ X
Þorláki Magnússyni á Melshúsum X
Guðmundi Árnasyni X

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sveinsbref er veitt

Sigurði Hanssyni sem steinhöggara +

Páli Pálssyni sem snikkara +

Andrési Arnasyni sem skóara +

Arni Jonssyni sem gullsmiðr +

Borgarabref veitt

P L Levinsen sem Sauto

Utvisuð lombursstæði

Þórði Guðmundssyni að Grænuborgum +

Kristjáni Jonssyni lóðarauki við Vegamót 14 ál

Jóni Vigfússyni á Vegamótum 45 x 65 ál. +

Skrifstofu Bæarfogeta í Reykjavík 24 Mart 1868

A Thorsteinsson

65
45
325
260
2925 4 ál

4475
2925
1650

6 – 6
3 4 – 4
10 – 10

36
7
252

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

medtekið 4da

Hérmeð leyfi eg mér að senda bæarfull-
trúunum hina samþykktu áætlun yfir
tekjur og útgjöld Reykjavíkur kaupstaðar
fyrir árið 1868.

Jafnframt skal eg og tilkynna að
fátækranefndin hefir kosið kaupmann
J Heilmann sem gjaldkera

Skrifstofu Bæarfógeta: Reykjavík 1 Febr 1868

A Thorsteinson

Til

Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjá Kristjáni Gíslasyni í Görðunum

31¼ al, viðból við hjall Breidd 6 - 3' Lengd 5 - 4'

" - Þorvaldi Stephensen inngönguskúr — " 2 - 15' — " 2 - 6'

" - O Finsen Skúr (ólistaður) - - - - " 5 - " - " 7 - 7'

Við-ból við lóð exkjufrú Sergil. Melsted

mold í tveimur hlutum

| | | |
|---|---|---|
| Sydra stykkið. — | Að nordan — | 16 ál. |
| | að sunnan — | 16 7' — |
| | að vestan — — | 16 |
| | að austan — — | 15 - 12' |
| Nyrdra stykkið. — | Að Nordan - — | 11 - al |
| | að sunnan - — | 11 - 18 þml |
| | að vestan . — | 10 — " — |
| | að austan — | 11 - " |

Geymsluhús stendur á hinu nyrdra stykki

Reykjavík, 25 Maþtó 1868

O. Gíslason. Jón Borgfirdingur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á kjörfundum 24. og 28. f.m. voru, samkvæmt tilskip. 20. apr. 1872, eptirfylgjandi menn kosnir í niðurjöfnunarnefndina:

a. Af hinum almenna kjörflokki:

Jónas Helgason, járnsmiður,
Magnús Þorkelsson í Grímsstaðaholti
Einar Jónsson, snikkari,
Jón Þórðarson, í Hlíðarhúsum

b. Af hinum minna kjörflokki:

Halldór Guðmundsson, skólakennari
Þorvaldur Stephensen, verzlunarstjóri
Jón Steffensen, verzlunarstjóri.

Þetta gefst yður hjermeð til þóknanlegrar vitundar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 2. Sept. 1872.

A. Thorsteinson

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

Emb. mál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sökum þess að ekkjan Ásta Guðmundsdóttir á Vegamótum, sem að líkindum, samkvæmt útmælingargjörð Byggingarnefndarinnar, dags. 29. júní 1857, er löglegur eigandi að lóð þeirri sem tómthús mitt Hábær stendur á, hefir höfðað mál á hendur mjer og krafið mig um lóðargjald 4 Rd. fyrir hvert af þeim 3ur árum sem jeg hefi verið eigandi að þessu tómthúsi; án þess að jeg þó hafi fengið nokkra lóð með því til yrkingar eða annara afnota, en jeg hefi þar á móti eptir kröfu bæjarstjórnarinnar á hverju af ofannefndum árum greitt til Reykjavíkurbæjar 10 álna lóðargjald, sem jeg hefi staðið í meining um að væri hluti af hinu upprunalega gjaldi af Vegamótalóðinni, og Ástu, sem núverandi eiganda þessarar lóðar væri að því skapi ívilnað í gjaldinu af þessari lóð; en þessu þverneitar Ásta, og segir sjer sje með öllu óviðkomandi hvort jeg greiði nokkurn lóðartoll til bæjarins eður eigi, þar eð hún greiði að fullu lóðargjaldið fyrir alla hina upprunalegu Vegamótalóð, án þess að sjer sje ívilnað fyrir þann hluta sem jeg kunni að hafa greitt til bæjarins; en jeg sje skyldur til að greiða sjer allt lóðargjaldið og eingum öðrum, þareð hún sjálf greiði og standi til ábyrgðar fyrir öllu lóðargjaldinu til bæjarins samkvæmt skilyrðum þeim sem sett hafi verið þegar tjeðu tómthúsi mínu Hábær var mælt út byggingarstæði. — Á sáttafundi sem haldinn var um þetta mál

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinn 1. þ.m. varð það samkomulag á milli okkar að málinu yrði frestað til 15. þ.m. til þess að jeg gæti leitað upplýsinga frá hinni heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkur um þetta efni; og því er það að jeg hjermeð virðingarfyllst leyfi mjer að óska þess að bæjarstjórnin innan þess tíma góðfúslegast vildi láta mjer í tje skýrslu sína um:

1º Eptir hverjum reglum og mælikvarða, og af hverjum ástæðum bæjarstjórnin hafi lagt á mig 10 álna lóðargjald um undanfarin ár.?

2º Hvort ekki hafi verið lagt á Ástu Guðmundsdóttur lóðargjaldi af hinni upprunalega Vegamótalóð að því hlutfalli sem lóðargjald hefir verið lagt á mig, eða hafi það ekki verið gjört að jöfnu hlutfalli, hvort það þá hafi verið gjört að nokkru leyti eða engu.

Skyldi það að öðru leyti vera sprottið af ókunnugleika hinnar heiðruðu bæjarstjórnar um að tómthús mitt stendur á annari lóð, að hún hefir lagt á mig þetta 10 al. lóðargjald, en ekki á Ástu Guðmundsdóttur, óska jeg framvegis að fá á því sanngjarna leiðrjettingu, og sömuleiðis endurgjalds og lagfæringar á því, ef svo skyldi reynast að bæjarstjórnin hefði krafið mig um meira tómthúsgjald, en bæjarsjóði ber. Jeg leyfi mjer að leggja hjermeð — 1º Afsalsbrjef skiptarjettarins til mín fyrir bænum Stabt dags 16 aug. 1869 — 2º Útskript úr byggingarbók Reykjavíkur dags 1 þ.m. af útmælingargjörð 29 júní 1867. og 3º Eptirrit af kærusvari Ástu Guðmundsdóttur til sáttanefndarinnar dags 21. f. m. — allt til þóknanlegs athuga hinnar heiðruðu bæjarstjórnar við íhugun þessa málefnis. Þessi skjöl vil jeg nú biðja hina bæjarstjórn að endursenda mjer ásamt svari sínu upp á þetta brjef, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjer áríðandi að geta fengið sem allra fyrst, og í allra seinasta lagi fyrir kl. 10 f. m., hinn 15. þ. m.

Hábæ, 9. Júlí 1872.

Virðingarfyllst:

Sigurður Friðriksson

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæarfulltrúarnir eru hérmeð beðnir að koma til fundar á morgun (miðvikudag), kl 4 e. m. á þingstofunni; helsta fundarefnið er aukaniðurjöfnunin.

Rvík þ. 25ta júní 72.

A Thorsteinson

Herra Jn Pjetursson
„ O Finsen sjeð
„ E Þórðarson sjeð
„ Ó V Gíslason
„ J Arnason, séð sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og hinni heiðruðu Bæjarstjórn er kunnugt,
rituðum við undirskrifaðir henni brjef dagsett 1. Júní
fyrra árs, og fórum þess þará leit, að hún setti auka-
útsvar það sem hún hafði lagt á Ahrens millu fyrir það
ár að minsta kosti niður í 1rd byggðum við þessa ósk okkar
á ástæðum þeim sem í nefndu brjefi voru teknar fram,
og sem voru eptir okkar sannfæringu sanngjarnar og
rjettar. Þessu brjefi okkar svaraði nú hin heiðraða Bæjar-
stjórn með brjefi 3. Nov f. árs og setti þar með þetta 5rd 48,
auka útsvar að eins niður um 1rd 48, og þó það væri
dálítið betra enn ekkert, fannst okkur þó um kvörtun
okkar ekki nægur gaumur gefin, eða ástæður okkar teknar
hæfilega til greina, þareð við nú höfum heyrt, að bæjar stjór-
ninni væri byrjuð að semja niður jöfnun bæjar gjaldanna, fyrir
þetta ár leyfum við okkur enn á ný að vekja athygli hennar
að aukaútsvarinu á ljeðri ahrens myllu, og óska þess að
að það ekki verði sett hærra en í mesta lagi 1rd og byggjum
við þessa ósk okkar á sömu ástæðum og teknar voru fram
í brjefi okkar í fyrra, og látum þess enn fremur getið, að öll
inngjöld sem komið hafa inn árið 1871 samtals 80rd 3ß6,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og sem auðsjáanlega nauðsynlega hrekkur fyrir vinnulaunum og öðrum tilkostnaði sem til slíks starfa útheimtist. Við vonum að bæjarstjórnin taki nú þessu til máli okkar til fullkomnara greina, og láti sjer skiljast að þau eru sanngjörn, þar sem við höldum þessari vind millu við, ekki okkur til hagnaðar, heldur til þess einkum að geta gjört Reykjavíkur búum greiða með því að mala fyrir þá þegar svo ber undir að þeir þurfa þess við.

Reykjavik 6 April 1872.

G. Jóhannesson Einar Jónsson

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rfa
hessó
er
ssari
ess
d þvi
s vid.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 1871 & 2.

**bygga lóð**

| □ alin | ríkisd | ʃ | β |
|---|---|---|---|
| 1 | , | , | 1 7/10 |
| 2 | , | , | 3 4/10 |
| 3 | , | , | 5 1/10 |
| 4 | , | , | 6 8/10 |
| 5 | , | , | 8 5/10 |
| 6 | , | , | 10 2/10 |
| 7 | , | , | 11 9/10 |
| 8 | , | , | 13 6/10 |
| 9 | , | , | 15 3/10 |
| 10 | , | 1. | 1. |
| 11 | , | 1 | 2 7/10 |
| 12 | , | 1. | 4 4/10 |
| 13 | , | 1 | 6 4/10 |
| 14 | , | 1. | 7 8/10 |
| 15 | , | 1. | 9 5/10 |
| 16 | , | 1. | 11 2/10 |
| 17 | , | 1 | 12 9/10 |
| 18 | , | 1. | 14 6/10 |
| 19 | , | 2 | , 3/10 |
| 20 | , | 2. | 2. |
| 30 | , | 3 | 3. |
| 40 | , | 4 | 4 |
| 50 | ,, | 5 | 5 |
| 60 | 1 | , | 6. |
| 70 | 1. | 1. | 7 |
| 80 | 1. | 2 | 8. |
| 90 | 1. | 3. | 9. |
| 100. | 1 | 4 | 10 |
| 200. | 3 | 3. | ~~4~~ |
| 300. | 5 | 1 | 14. |
| 400 | 7. | , | 8 |
| 500. | 8 | 5 | 2 |
| 600 | 10 | 3 | 12 |
| 700 | 12 | 2 | 6 |
| 800 | 14 | 1 | , |
| 900 | 15 | 5 | 10. |
| 1000 | 17 | 4 | 4. |
| 2000 | 35 | 2 | 8 |
| 3000 | 53. | , | 12 |

**Gjald af tómthúsum eptir medal-verdi**

| □ alin | ríkisd | ʃ | β |
|---|---|---|---|
| 1 | ,, | 1 | 5 1/2 |
| 2 | , | 2 | 11 |
| 3 | , | 4 | ,, 1/2 |
| 4 | , | 5 | 6 |
| 5 | 1 | , | 11 1/2 |
| 6 | 1 | 2 | 1 |
| 7 | 1 | 3 | 6 1/2 |
| 8 | 1 | 4 | 12 |
| 9 | 2 | , | 1 1/2 |
| 10 | 2 | 1. | 7 |
| 11 | 2 | 2 | 12 1/2 |
| 12 | 2 | 4 | 2. |
| 13 | 2 | 5 | 7 1/2 |
| 14 | 3 | , | 13. |
| 15 | 3 | 2 | 2 1/2 |
| 16. | 3 | 3 | 8. |

## 1872

**óbygga lóð**

| □ alin | rikisd | ʃ | β |
|---|---|---|---|
| 1 | , | , | 3/10 |
| 2 | , | , | 6/10 |
| 3 | , | , | 9/10 |
| 4 | , | 4 | 1 2/10 |
| 5 | , | , | 1 5/10 |
| 6 | , | , | 1 8/10 |
| 7 | , | , | 2 1/10 |
| 8 | , | , | 2 4/10 |
| 9 | , | , | 2 7/10 |
| 10 | , | , | 3 |
| 11 | , | , | 3 3/10 |
| 12 | , | . | 3 6/10 |
| 13 | , | ,, | 3 9/10 |
| 14 | , | , | 4 2/10 |
| 15 | , | , | 4 5/10 |
| 16 | , | , | 4 8/10 |
| 17 | , | , | 5 1/10 |
| 18 | , | , | 5 4/10 |
| 19 | , | . | 5 7/10 |
| 20 | . | , | 6. |
| 30 | , | , | 9. |
| 40 | , | , | 12 |
| 50 | , | , | 15 |
| 60 | , | 1. | 2 |
| 70 | , | 1. | 5 |
| 80 | , | 1. | 8. |
| 90 | , | 1 | 11. |
| 100 | , | 1. | 14. |
| 200 | , | 3 | 12 |
| 300 | , | 5. | 10. |
| 400 | 1. | 1. | 8. |
| 500 | 1 | 3 | 6 |
| 600 | 1 | 5 | 4 |
| 700 | 2 | 1 | 2 |
| 800 | 2 | 3 | , |
| 900 | 2 | 4 | 14 |
| 1000 | 3 | , | 12 |
| 2000 | 6 | 1 | 8 |
| 3000 | 9 | 2 | 4 |
| 4000 | 12 | 3 | , |
| 5000 | 15 | 3 | 12 |
| 6000 | 18 | 4 | 8 |
| 7000 | 21 | 5 | 4 |
| 8000 | 25 | | |
| 9000 | 28 | , | 12 |
| 10000 | 31 | 1. | 8. |

## 1872

**Gjald af tómhús=um eptir medalverdi**

| | alin | rd | ʃ | β |
|---|---|---|---|---|
| 1/2-12 | 1. | , | 1. | 7 1/2 |
| | 2 | ,, | 2 | 15. |
| | 3 | ,, | 4 | 6 1/2 |
| | 4 | , | 5 | 14. |
| | 5. | 1 | 1. | 5 1/2 |
| | 6 | 1 | 2 | 13 |
| | 7 | 1 | 4. | 4 1/2 |
| | 8 | 1. | 5. | 12. |
| | 9 | 2 | 1. | 3 1/2 |
| | 10 | 2 | 2 | 11. |
| | 11 | 2 | 4 | 2 1/2 |
| | 12 | 2 | 5 | 10 |
| | 13 | 3 | 1. | 1 1/2 |
| | 14 | 3 | 2 | 9. |
| | 15 | 3. | 4. | ,1/2 |
| | 16 | 3. | 5. | 8. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að mælast til þess að hinni heiðruðu bæjarstjórn mætti þóknast að kjósa mann úr eigin flokki til að taka sæti í skattanefnd manna gjöldum í Kjalarnesþingi í stað bæjarfulltrúa J. Árasonar sem nú er genginn úr þessari stöðu

Skrifstofu Bæjarfógeta í Reykjavík 12 febr 1872.

AThorsteinson

á fundi hjá bæjarfógeta 2 marts kosin Jón Árnason

Til

Bæjarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Guðmundsson
Reykjavík

Eins og þegar er yfirlýst í Þjóðólfi 6. Jan. þ. árs N 9-10, með fram teknum röksamlegum ástæðum, og því hvorki hrundið né hrakið á neinn veg, — þá held eg að vísu fast við þá skoðun, og vík hvergi frá henni að neinu leyti, að sú bæarstjórn, er við Reykvíkingar höfum hér nú, sé „í móti lögum“, þ. e. eigi ekki stoð í almennum frjálsum atkvæðisrètti kjósenda og skattgjaldenda kaupstaðarins eptir því, sem afmarkað er og ákveðið í Bæarstjórnarlöggjöfinni 26. Nov. 1846, og í almennt viðteknum undirstöðu grundvallarreglum fyrir „Communen“ og communalstjórn hjá öllum þjóðum víðsvegar um heim; því það er víst, að hver sú communal- eða sveitarstjórn, sem eigi vill né getr hrundið því af sjer að hún sé „móti lögum“ eða í lagaleysi, hún hvorki er né getur, eptir rèttum skilningi laganna, verið rèttbær um að hafa stjórn sveitarmála á hendi, fjárforræði ~~hennar~~ eða skattálögu rèttum.

En þó að svona sé komið sveitarstjórnarástand vor Reykvíkinga í rèttri raun nú sem stendr, þá verðr að líkindum þar við að sitja fyrst um sinn, enda er enganveginn þar með sagt, að menn geti eigi eins fyrir það borið fullt traust til persónulegrar ráðvendni og rèttsýni bæarfulltrúanna, sem nú eru, í skattálögu og niðrjöfnunarverkinu sjálfu, og að þeir sýnið sig fúsa á að leiðrètta og laga það, sem í þeim verkum kynni að hafa missèzt.

Svona kemr það til, að eg sný mèr nú til ennar heiðruðu bæarstjórnar með eptirfylgjandi at-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hugasemdir áhrærandi bæarútsvar mitt með hliðsjón af, hvernig það hefir verið ákveðið um næstundanfarin 3-4 ár, og einkum næstl. ár 1870.

Bæarstjórninni er það full kunnugt, að mér bæði í fyrra og næst undanfarin ár hefir verið gjört að greiða bæargjald árlega á þeim grundvelli, að árstekjur mínar og allr efnahagr og afkoma stæði á fram á sömu fótum eðr við sama eins og áðr var. Svona hefir verið árlega hækkað á mér bæargjaldið, eptir því sem aðal útgjöldin hafa aukizt; og það eina árið (1868 eða 1869) sem bæar- og sveitaeþarfirnar voru nokkrum 100rd minni heldren næsta ár á undan, og bæargjaldið því var fært niðr á flestum af þeim gjaldendum er bera þyngri útsvörin, þá var mitt gjald látið standa í stað eins og árið fyrir. Næstl. ár 1871 var hækkað á mér eptir sömu tiltölu eins og öðrum, og þar með gengið út frá því, að sjálfsögðu, að árlegar tekjur mínar og öll atvinna og afkoma stæði enn við sama, eins og árin 1860-1867.

En þetta fer fjarri einsog bæarfulltrúarnir vita og allir sjá. Auk þess sem allir sjá og geta skilið, að eg með fylgjandi árum á 7. taginum, get nú ekki lagt eins mikið á mig, eins og eg gjörði á árunum fyrir innan sextugt, og verð því nú orðið að kaupa út ýms verk, er eg áðr vann einn, eins er það einnig kunnugt, 1° að eg hefi ekki setið á Alþingi síðan 1867, en þingseta mín, ásamt öðrum störfum milli þinga, gaf mér í aðra hönd, sem svaraði vel 100rd árlega; 2° að þar sem eg um mörg ár, allt til 1867 incl. hafði hér sem næst alla uppboðsgjaldheimtu á hendi, er gaf af sér um 150-170rd að meðaltali árlega, þá hefi eg ekkert haft af því tagi síðan, er talið verði, nema einungis Liverpools uppboðið 1869. Þriðja aðalrýrðina í atvinnu minni er reyndar eigi von að bæarfulltrúarnir þekki eins, þótt hún sé eins sönn og veruleg, sem mér er hægt að sanna, eins og hitt tvennt, en það er þetta, að 3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

næstliðnu árin hefir blaðið Þjóðólfr haft 130-170 færri kaup-
endr heldren var til þess tíma, en það veldr 130-160rd.- Netto
-skerðingu í þeirri aðalgrein atvinnu minnar. Aptr var
bæarfulltrúunum, eða mátti vera það full-kunnugt, þegar
þeir jöfnuðu niðr, að þá var þegar fyrir dyrum sú breyt-
ing á húshag mínum, er hafði í för með sér sérstakleg
útgjöld að mun, þá í svipinn, og sem eg sá þann eina
útveg til að geta staðizt, að auka rentu-skuldir mínar
að því skapi, þótt ærnar væri undir. Eg segi það satt,
að rentuskuldir mínar eru 60-70rd meiri í rentugjöldum
árlega heldren eru tekjurnar af mínum litilfjörlegu activu
(og tekjur minar og atvinna eru nú 4-500rd. minni heldr fyrir 3 árum.)
eðr arðberandi eignum, — Þar að auki, þó að þér mikils-
virðu bæarstjórnendr þykizt má ské eigi hafa getað vitað
það fyrir við f. árs niðrjöfnun, hve þung fjárútlát að-
málasóknir sjálfra yðar í gegn mér, mundu baka mér,
þá er yðr það nú vitanlegt, úr því þér sýnduð þá
mannúð og kurteysi af yðr að láta taka fé fellt, sam-
tals 65rd, með fjárnámi, hálfu öðru missiri fyr en þörf
var til, og þar á meðal 14-15rd handa sjálfum yðr persónu-
lega; — það er fáum dölum minna, heldren formanni bæar-
fulltrúanna var svo réttvíslega gjört í bæarútsvar næstl.
ár, er eg ætla að væri einir 19 Rd., sama árið er mér var
gjört að svara rúmum 31rd, er eg greiddi af hendi í
tæka tíð og án undangenginnar umkvörtunar. Eg er
nú líka búinn að greiða sveitarútsvar í full 40 ár sam-
fleytt, bæði hér og þar eg áðr bjó austanlands, en hvorki
hefi eg kvartað, eigi heldr haft verulega ástæðu til þess,
nokkurn sinni fyren í fyrra; — heldr ekki í þau sam-
tals 22 ár, er eg hefi átt hlut að niðrjöfnun sveitar
útsvara, átti eg nokkurt orð að um útsvar sjálfs míns,
eg yfirlét jafnan þeim er unnu að niðrjöfnuninni
með mér, að ákveða það, en gekk sjálfr burtu á meðan.

Þetta sem hér er nú sagt, vona eg og treysti
og krefst, að þér heiðruðu bæarfulltrúar verið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

takið réttvíslega og með fullri réttsýni til greina, þegar þér nú í niðrjöfnunarverki yðru, sem yfir hvað standa um þessa daga, ákveðið bæjargjald mitt fyrir árið, sem yfir stendr.

Reykjavík, 6. d. April mán. 1872

Jón Guðmundsson

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavíkur Kaupstað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Med Skibet *Mathilde*, drægtigt *188* danske Commercelæster,
Skibsfører *Orbeker*, **udføres** fra *Reykjavik*
til efternævnte Varesorter for

Regning:

| | |
|---|---|
| Skpd. Klipfisk | Pd. Fuglefjer |
| Skpd. Platfisk | Stkr. Svanefjer |
| Tdr. Fiskerogn | Pd. hvid Uld |
| Tdr. Sild, saltet | Pd. sort Uld |
| Tdr. Lax, saltet | Pd. meleret Uld |
| Pd. Lax, nedkogt | Stkr. Trøier, dobbeltbaands |
| Pd. Fisk, nedkogt | Stkr. Trøier, enkeltbaands |
| Tdr. Havkalvetran | Par Strømper, dobbeltbaands |
| Tdr. Torsketran | Par Strømper, enkeltbaands |
| Tdr. Hvaltran | Par Halvstrømper |
| Tdr. saltet Kjød | Par Vanter |
| Pd. Talg | Par Fingervanter |
| Stkr. saltede Faareskind | Alen Vadmel |
| Stkr. Lammeskind | Pd. Kreaturbeen |
| Stkr. Ræveskind, graa | Stkr. Haiskind |
| Stkr. Ræveskind, hvide | Stkr. Heste, levende |
| Stkr. Sælskind | Stkr. Faar, levende |
| Stkr. Svaneskind | Stkr. Ryper |
| Pd. Edderduun | |

Handelssted, den 18

Rigtigheden heraf attesteres.

**Anm.** Den ledige Plads anvendes til Anførelse af saadanne Varesorter, som ei ere nævnte paa dette Schema.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29. 6.
28. 20
58. 2.
29.
21 1/4.
29
587 1/4
616 1/4
268 3/4
347 1/2

18. 12
24. 2
42. 14
21. 6.

3404.

| | |
|---|---|
| 202 | 4 |
| 122 | |
| 128 | 3 |
| 288 | 3 |
| 128 | 3 |
| 79 | 1 |
| 159 | 3 |
| 260 | 3 |
| 191 | 4 |
| 126 | 1 |
| 277 | 1 |
| 229 | 4 |
| 196 | 3 |
| 198 | 3 |
| 332 | 3 |
| 102 | 3 |
| 187 | 1 |
| 173 | 3 |
| 106 | 3 |
| 3498 | 3 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til athuga við niðurjöfnun 1872.
(: breytingar sem orðið hafa síðan 1871.)

\ Alfhildur Jónsdóttir bú. lóðartollurinn leggist á Gissur. Guðm.

\ Ástríður Þorkelsdóttir, er ekki til, þaramóti er Ástr. Sakaríasdóttir til, (á Melunum) þiggur af Skógarstr. hreppi.

\ Auðun Árnason farinn
\ Einar Einarsson Móum, lóðartoll mun eiga að borgast af Pjetri Jónassyni
\ Gísli Árnason Sauðagerði longu farinn

\ Guðm: Bergþórsson, longu farinn

\ Guðm: Jónsson á Bergstöðum. lóðartollurinn leggist á Pál Eyjólfsson

\ Guðm: Guðmundsson, hjá Thomsen, farinn

\ Guðm: Magnússon Hlíðarhús. er vinnumaður.

\ Guðni Jónsson (Miðsmali) lóðartollur leggist á Alexíus

\ Guðrún Helgadóttir, madama —
\ Guðrún Halldórsdóttir Sauðagerði } eru ekki að finna.

\ Halldóri Halldórssonar bú: lóðartollinn mun mega leggja á Gunnlög Halldórsson.

\ Halldóra Jónatansdóttir bú, Helgastöðum, ekki til, (á líklega að vera Halldóra Jónsdóttir), lóðartollur leggist nú á Ingunni Magnúsdóttir á Helgastöðum. —

Halldóra Jónatansdóttir, Laugarnesi, ekki til (en einhver Halld. Jónsdóttir ~~Akr~~ sem lausakona hjá ~~a~~ bóndanum) mun vera komin suður í Fjörð.

\ Jacobsen & Co ~~t~~ lóðartollinn borgar nú Chapelain.

\ Jón Jónssonar bú hjesmiður: lóðartollinn mun Árni Gísla-son og Mad.me Guðr. Grímsd. eiga að borga.

\ Kristjáni Pálsf. bú: lóðartollinn á Rannveig Jóhannesd. að borga.

\ Marta Marteinsdóttir ekki til, heldur ein, sem er Markúsdóttir hjá Þorsteini h. ꝯ: Grund.

\ Ólafur Einarsson skraddari (lóðartollinn á Haldór Sigurðss. að borga.

\ Ólafs Ólafss. tinblikkar. Sverrir Runólfss. á að borga lóðartollinn.

\ Rannveig Jóhannesdóttir — (lóðartollinn borgar nú dómsmálasjóðurinn

\ Rannveig Magnúsdóttir er ekki til.

\ Robb. V. mad.me lóðartollur leggist á H. C. Robb

\ Sigríður Jónsdóttir (hjá Skipstundum.) er nú vinnukona

verte

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Steinsholtskjallar: lóðartoll á Ólafur Jónsson 5. sk. að borga.
Þórðar Ásbjörnssonar hús. lóðartoll á Guðrún Ólafsdóttir grasbóni að borga
Jóhannes Jónsson, og E. Jónsson trjesmiður, G. Zoëga munu
eiga að borga lóðartollinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lóðarstærð Gísla Árnasonar Sandagerði, hinth 75, 6 ál

á að borgast af? Mun vera Jón Björnsson s. st.—

er Gísli Halldórsson sá eigandi? hefur ekkert leyfi; borgaði útsvar eða lóðartollinn 1871.

Lóð Ragnh. Jóhannsdóttur +? Dómsmálasjóð?

" Páls Eyjólfssonar gullsm.? Alexius fengið hefur 1/4 part. lóðar. sem Guðm. á Bergst. átti.

er aukamiðurjöfnun ýfirfarin? sjá neðar.

faðerni "Gradualeus"? Olafsdóttir.

skýrsla um lausamennskuleyfi, sveina etc? meðfylgir

" nýjar byggingar?

nýj tómthús? skýrsla meðfylgir.—

6–9½ 16–17

7–12

sjá ofar. Brodersen —— er hér enn.

Elín Sigurðard: Sölfhól, sömuleiðis, er lausakona.

Guðm. Bjarnason, Ásbúð, er einn og áður.

Guðrún Bergmann, er hér, hefur ekki lausam. leyfi.

" Jónsdóttir Hlíðarhús: á ekkert hjer. (hefur borgað 1871.)

" Steinsdóttir, er hér enn. og er lausakona

~~Guðríður Magnúsdóttir frá Mýrarhús.~~ {var gefið eptir útsvar 1871, sem vinnukona í Þormóðsdal

Jón Jónsson frá Hvassahrauni, er víst kyr hér í bænum

Lárus Gunnarsson — sömuleiðis

Nielsina Hansdóttir; var gefið eptir útsvar fyrir 1871.

~~Símon Þorsteinsson~~ (er víst farinn? Já

Sæfinnur Hansson —— }
Sigurjóna Laxdal —— }
sra Jól Hákonsen —— } eru víst öll hér í bænum.
Magn: Árnason snikkari— }

Hólmfr: Guðmundsdóttir: hefur ekkert leyfi; hefur borgað fyrir 1871.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. ~~Pjetur Valgarðsson, Vegamótabrú. lóð 36 á lengd 31 á breidd. = 7 ál. gjald.~~

2. ~~Ólafur Þorkelsson, Bakarastíg, — 21 — 13 —~~

3. ~~Vegningarhúslóð: 45 ál. á suðurhl. dýpt 50 al. (lóð til bráðabyrgða.)~~

4. ~~Guðrún Jónsdóttir ekkja (lóð frá móður hennar) 6 ál. gjald: lóð 6 ál. minnkað úr~~ 8 ál. niður í 7 al. —

5. ~~Einar Einarsson. Kothúsi. lóð á suðurhl. 14½ al. norðurhl. 19 al. lengd frá Norðri til suðurs 26 ál. = 6 ál. gjald.~~

6. ~~Sveinn Guðmundsson, hjá Gothúsi V. hlið 36 al., A. hlið 30 ál.;~~ S. hlið 30 al. N. hl. 25 al. 7 álna gjald

7. ~~Geir Zoëga útvísun á bræðsluhúsi: — 6 ál. gjald~~

8. ~~Síra Hallgr. 20/12. 71~~: ?

9. ~~Lízabetjörg Sigurðardóttir: hjá Hlíðarhúsum: 22½ al. br. 30 al. löng~~

10. ~~Gísli Jónsson, Hlíðarhúsi. 36 ál. á hvern veg. = 10 ál. gjald.~~

11. ~~Jóhann Jónsson, s. st. 36 al. d° d° = 10 ál. gjald.~~

12. Jens Jóhannsson, Skuggahverfi, ekki ákveðin lóð enn.

13. ~~Þorsteinn Þorsteinsson~~, Vegamótabrú ~~lóð 35 og 31 ál.~~

Lóðartollar fyrir N° 2, 3, ~~8~~, 9, ~~12~~ og 13. ekki ákveðinn enn

~~N° 2 Kaupstaðar~~
~~3 Lóðartoll~~ Rauðarár th. N° 124, 11 ál og viðauki 5 – vr 16
~~8. – 7 álnir~~
~~9/12 7~~ „

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá

yfir múr- og timburhúsbyggingar sem reistar hafa verið í Reykjavík árið 1871.

| | | | | Breidd | lengd |
|---|---|---|---|---|---|
| × | 1. | Bernhöft (D. bakari | sölubúð | 12 – 3 | 6 – 2 |
| × | | sami | inngönguskúr | 1 – 14 | 2 – „ |
| × | 2. | Bjarni Bjarnason frá Esjubergi, | geymsluhús | 7 – 3 | 9 – 3 |
| × | 3. | Geir Zoëga | brædsluhús | 6 – 23 | 14 – 5. |
| × | 4. | Guðmundur Jóhannesson | Kvistur | 7 – 2 | 4 – 5 |
| × | 5. | H. St. Johnsen | skúr | 3 – 18 | 6 – „ |
| × | 6 | Jónas Jónassen læknir | íbúðarhús | 12 – 13 | 20 – 6 |
| × | | sami | inngönguskúr | 3 – 13 | 4 – 14 |
| | | (sami | salerni (?)) | 1 – 19 | 1 – 20 |
| × | 7. | Latínuskólinn | geymsluhús | 8 – 17 | 8 – „ |
| × | 8. | Magnús Vigfússon | steinhús | 11 – 20 | 11 – 14 |
| × | | sami | skúr | 5 – 22 | 4 – 6 |
| × | 9. | Pjetur Valgarðsson | íbúðarhús | 9 – 1. | 11 – 2. |
| × | 10. | Sveinn Bjarnason Sauðagerði, | hjallhús | 3 – 14 | 3 – „ |
| × | 11 | Þórður Guðmundsson Grímsstöðum, | hjallhús | 5 – „ | 2 – 22 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1871 hafa – auk þeirra, er brjef mín frá 20. marz og 30. júní þ. á. tilgreina –, eptirfylgjandi persónur fengið:

a. húsmennskuleyfi:

NB 1. Halldór Sigurðsson á Grund? hjá Bernhöft
2. Sigurður Sigurðsson í Lærðaskólanum – } frá
3. Ólafur Guðmundsson á Grímsstöðum, og } fardög-
4. Magnús Stefánsson frá Bakka – – – } um 1872

b. lausamennskuleyfi:

NB 1. Sigríður fyrrverikar Guðmundsdóttir frá Bústastöðum, og
sú er nú er hjá Clausen? eður Holmfríður? er það ekki
2. Sigríður Ólafsdóttir frá Mýrarholti.

c. Borgarabrjef:

1. Skipstjóri Jens Frederiksen,
2. Kaupmaður Pjetur Pjetursson,
3. Gullsmiður Benidikt Ásgrímsson og
4. — " — Páll Eyjólfsson.

d. Sveinsbrjef:

1. gullsmiður Páll Þorkelsson,
2. Skóari Guðm. Guðmundsson og
3. gullsmiður Eyjólfur Oddsson.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 30. des. 1871.

NB er ekki viðbátur síðan á nýári? [illegible] 2

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Síðan á Nýjári 1872, hafa eptirfylgjandi menn fengið:

a. húsmennskuleyfi:

1. Hermann Einarsson, algjört leyfi (hefur verið áður)
2. Helgi Nikulásson, leyfi fyrir 3 ár, frá fardögum 1872.
3. Jón Halldórsson í Sauðagerði, leyfi 1 ár (og lengur ef hann giptir sig) —
4. Guðm: Jónsson frá Viðey 1 ár frá fardög. 1872.

b. lausamennskuleyfi:

Pjetur Ólafsson, sem var hjá Waage.

c. Borgarabrjef

Enginn. —

d. Sveinsbrjef

Gullsmiður Björn Árnason.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 2/4. 1872.

Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur